

- 113** síðar kunna til að koma, og eiga rót sína í félagsskap þeim, sem hingað til
25. ág. hefir átt sér stað milli hinna nýjn hreppa.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 3 hreppsnefndarmenn í hvorum þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, er einnig skal kveða á um fjallskil og afrétti.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Skriðuhreppi, sem dómpinghá né manntalspinghá.

- 114** Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um breyting á á-
26. ág. kvæðunum um skifting Fáskrúðsfjarðarhrepps.

Með bréfi, dags. 6. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað ánýjaðar tillögur sýslunefndar Suður-Múlasýslu útaf erindi, sem nefndinni hefir borist frá hreppsnefndum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps um breyting á ákvæðum þeim, sem sett eru í bréfi stjórnarráðsins, dags. 22. maí 1907, um skifting hins forna Fáskrúðsfjarðarhrepps í hina tvo nefndu hreppa.

Útaf þessu er hérmeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, gerð svofeld breyting á reglum þeim, sem settar eru í framannefndu bréfi stjórnarráðsins undir 2. tölul., um skifting eigna, skulda og sveitarþyngsla, að þeim sveitföstum íbúum hins forna Fáskrúðsfjarðarhrepps, sem eigi höfðu þegið sveitarstyrk áður en honum var skift, en síðar verða styrksþurfar, skuli framfleytt af þeim hinna nýju hreppa, sem þeir áttu heimilisfang í, er skiftin fóru fram.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar.

- 115** Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um hlunnindi fyrir
23. sept. sparisjóð Nesjahrepps.

Útaf beiðni, s. m. hingað hefir borist frá formanni sparisjóðs Nesjahrepps, Þórhalli Danielssyni kaupmanni í Höfn í Hornafirði, vill stjórnarráðið hérmeð veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. jan. næstkomandi hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt og að stjórnarnefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af árs-